

Nemendakönnun
Skólapúlsins
í Garðaskóla
2017-2018

Sigurður Stefán Haraldsson tók saman

Júní 2018

Í október 2017 og apríl 2018 tóku nemendur þátt í spurningakönnun Skólapulnsins um sýn þeirra á skólann sinn og skólastarfið, líðan sína þar, og hvað væri gott við skólann og hvað þyrfti að bæta.

Helstu niðurstöður í fyrsta hlutanum, um virkni nemenda, eru að ánægja af lestri og náttúrufræði fer vaxandi, og virðast nemendur einnig leggja harðar að sér og hafa meiri trú á vinnubrögðum sínum en áður.


Í öðrum hlutanum, um líðan og heilsu, kemur helst fram að áhyggjur og streita fara vaxandi meðal nemenda eftir því sem líður á skólagönguna og einnig virðast vera fleiri vísbendingar um einelti hjá eldri nemendum skólans. Þó eru jákvæðir hlutir líka þarna því það kemur fram að nemendur hreyfa sig meira og borða hollar.

Í þriðja hlutanum, um viðhorf til annarra nemenda og samband við kennara, sést einkum að fleiri nemendur en áður segja að sér finnist þeir ekki passa við nemendahópinn og líði kjánalega. Vísbendingar eru líka um að nemendur upplifi minni aga í skólanum en þrátt fyrir það virðist samband nemenda við kennara sína verða betra. Loks er staðfest í könnuninni að minni áhersla er á heimavinnu í Garðaskóla en almennt í öðrum skólum.

Nú verður gerð grein fyrir hverjum hluta fyrir sig, lið fyrir lið, til þess að gefa skýrari mynd af stöðu mála í Garðaskóla.

1. Virkni nemenda í skólanum

Ánægja af lestri virðist aukast frá fyrra ári í Garðaskóla en er enn undir landsmeðaltali eins og síðustu ár. Hún virðist einnig minni um vorið en um haustið. Það bendir til þess að lestraránægja minnki meðal nemenda eftir því sem líður á skólaárið en slík lækkun innan skólaárs kemur líka fram á landinu öllu. Mest lestraránægja mælist í 8.bekk þegar árgangar eru bornir saman, en minnst hjá 9.bekk, og stelpur hafa meiri ánægju af honum en strákar (mynd 1.1).



Mynd 1.1. Ánægja af lestri eftir kynjum.

Þegar skoðuð eru þau atriði sem liggja að baki, eins og gert er í töflu 1, þá sést að þróunin virðist öll vera lestri í vil í Garðaskóla en stöðugri í öðrum skólum á landinu.

Tafla 1. Ánægja nemenda af lestri.


	Garðaskóli	Landið
ég les bara þegar þess þarf	48% (53%)	50% (48%)
lestur er eitt af uppáhaldsáhugamálum mínum	20% (16%)	33% (33%)
mér finnst gaman að tala um bækur	30% (28%)	35% (36%)
ég verð glaður/glöð við að fá bók að gjöf	64% (59%)	72% (71%)
mér finnst bókalestur vera tímasóun	17% (20%)	19% (19%)
mér finnst gaman að fara í bókabúð eða á bókasafn	43% (39%)	54% (57%)

*Innan sviga eru tölur úr könnuninni 2016-2017.

Í töflunni sést t.d. að færri lesa bara þegar þeir þurfa þess eða finnst lestur vera tímasóun og fleiri hafa lestur að áhugamáli.


Næst var athugaður áhugi á stærðfræði og virðist hann vera sambærilegur við aðra skóla landsins. Enginn munur kemur fram milli kynja í Garðaskóla en áhuginn virðist minnka almennt meðal nemenda þegar líður á skólaárið, rétt eins og kemur fram hjá landinu. Um 50% nemenda skólans segjast þó hlakka til stærðfræðitíma og rúm 70% hafa áhuga á því sem þau læra þar. Nemendur 9.bekkjara virðast þó hafa minni áhuga á stærðfræði en aðrir árgangar skólans.

Þegar spurt var um ánægju af náttúrufræði svöruðu rúm 60% þannig að þau hafi gaman af henni, að leysa verkefni og læra um hana, og 52% hafa gaman af að lesa um hana. Enginn munur kemur fram milli kynja í skólanum. Athyglisvert er að miðað við könnunina 2017 sést að allir árgangar skólans hafa meiri ánægju af greininni og þá sérstaklega 10.bekkurinn (4,6) svo töluverður viðsnúningur hefur orðið þar (5.2) (mynd 1.2).



Mynd 1.2. Ánægja árganga af náttúrufræði

Þrautseigja nemenda í námi, þ.e. hversu mikið þeir leggja sig fram, hefur aukist hjá nemendum skólans frá því í fyrra. Nú koma bæði kynin nokkru hærra út en landsmeðaltalið. 89% nemenda skólans segjast leggja eins hart að sér í náminu og mögulegt er og 87% segjast halda áfram þó að efnið sé erfitt. Sambærilegar tölur fyrir samanburðarhópinn, landið, eru 77% í báðum tilvikum. Stelpurnar koma svipaðar út núna og síðast en strákar hafa hins vegar eflst til muna í þrautseigju sinni í námi og náð forskoti á landið (mynd 1.3), en voru svipaðir landinu fyrir ári.




Mynd 1.3. Þrautseigja kynjanna í námi.

Ljósinu var næst beint að trú nemenda á eigin vinnubrögð en hún fór vaxandi innan skólaársins. Þrátt fyrir það sést að 10% nemenda skólans telja sig ekki geta skipulagt skólavinnu sína, 10% telja sig ekki geta lagt upplýsingar á minnið tímum og námsbókum, 11% telja sig ekki geta skrifað hjá sér góða minnispunkta í tímum, og 27% telja sig ekki geta notað bókasafnið til að afla upplýsinga fyrir skólaverkefni. Varðandi trú nemenda á eigin námsgetu þá hafa bæði kynin í öllum árgöngum meiri trú á sér í náminu en nemendur á landinu almennt. Í heild segjast um og yfir 90% nemenda skólans góða eða nokkuð góða trú á sér í öllum námsgreinum.


2. Líðan og heilsa

Þegar nemendur eru spurðir um mataræði sitt kemur fram að fleiri nemendur passa upp á hollt mataræði nú en í könnuninni 2017. Bæði stelpur og strákar í Garðaskóla í öllum árgöngum borða hollar en samanburðarhóparnir á landinu. Nemendur 9.bekkjjar borða þó hollar en hinir árgangarnir og stelpur borða hollar en strákar í skólanum (mynd 2.1). Það er þó umhugsunarefni að hlutfall holls mataræðis virðist lækka nokkuð þegar líður á skólaárið. Eins og í síðustu könnun er minna um það að nemendur Garðaskóla fái sér gosdrykk (52%) eða borði skyndibitafæði (48%) en í öðrum skólum á síðustu sjö dögum. Sambærilegar tölur fyrir landið eru 43% og 25%.



Mynd 2.1. Hollt mataræði

Þegar athuguð er vellíðan nemenda sést svipað mynstur og í síðustu könnun að vísbendingar eru um að hún fari stigminnkandi eftir árgöngum (mynd 2.2). Það virðist vera að nemendur 8.bekkjjar komi betur út en landið en munurinn er ekki marktækur. Það sama gildir um 10.bekkin en í öfuga átt.



Mynd 2.2. Vellíðan eftir árgöngum

Einnig kemur fram að stelpur í skólanum (4,4) finna að meðaltali fyrir minni vellíðan en stelpur almennt á landinu (4,7) en strákarnir eru svipaðir öðrum á landinu (5). Þegar gáð er betur sést að það sem munar um er að hlutfall nemenda sem hafði áhyggjur yfir daginn hækkaði úr 18% í 29% og fleiri fundu fyrir streitu, 35% í stað 29%, en önnur hlutfallsbreytingar eru minna áberandi. Yfir 80% upplifa gleði oft eða mjög oft á dag.

Tafla 2: Vellíðan nemenda í Garðaskóla.


Nemendur sem finna oft eða mjög oft fyrir	Garðaskóli
...áhyggjum	29% (18%)
...streitu	35% (29%)
...reiði	15% (12%)
...að vera niðurdreginn	11% (8%)
...depurð	9% (7%)
...gleði	81% (83%)

*Innan sviga eru tölur úr könnuninni 2016-2017.

Til að gera sér aðeins grein fyrir umfanginu sem felst í þessum tölum þá eru um það bil 520 nemendur í Garðaskóla og það þýðir að á hverjum degi finnur 151 nemandi (mjög) oft fyrir áhyggjum, 182 nemendur upplifa streitu, 78 nemendur finna fyrir reiði, 57 nemendur eru niðurdregnir, 47 nemendur finna fyrir depurð, en sem betur fer segjast flestir vera glaðir, eða 421 nemandi, yfir daginn.

Ef þessu er fylgt eftir þá eru fjölmargar ástæður sem nemendur gefa fyrir áhyggjum og streitu sem þeir upplifa. Aðaláhyggjuefnin eru próf, heimanám og verkefnaskil. Sumir lenda í vandræðum með að halda vel utan um þetta. Það er áhugavert að ein útskýringin á því liggur utan skólans, þ.e. álag í íþróttaiðkun sem er í sumum tilfellum mjög tímafrek. Aðrir hlutir sem nefndir eru í þessu samhengi eru álit annarra, áhyggjur af framhaldsskólavist, neikvæð samskipti við foreldra og systkini; ósamlyndi á heimilinu; álag við það að þóknast foreldrum í náminu; að þurfa að gera allt fullkomlega; vinavandamál og lágt sjálfsmat nemenda sjálfra.


Skýlt þessu er að dregið hefur úr sjálfsáliti nemenda skólans og því kemur hann núna eins út í heild og landsmeðaltal. Það sem er athyglisvert hér er sú lækkun sem verður eftir árgöngum, þar sem 8.bekkur kemur nokkuð betur út en landið, 9.bekkur kemur líka betur út en veruleg lækkun er sýnileg í 10.beknum sem kemur verr út en landið (mynd 2.3).



Mynd 2.3. Sjálfsáliti eftir árgöngum.


Þegar skoðað er nánar sést að skólinn er í raun að koma svipað út í flestum undirspurningum og landið, en spurt var hversu sammála nemendur séu því að þeir hafi marga góða eiginleika, geti gert margt jafn vel og aðrir og að þeir séu ánægðir með sig. Það sem munar um er að 12% nemenda, í stað 6% síðast, telja sig ekki jafn mikils virði og aðrir, 16% telja sig misheppnaða(n), í stað 10% síðast, og 38% nemenda, í stað 33% síðast, telja að þeir skipti stundum engu máli fyrir aðra.

Þegar kemur að stjórn á eigin lífi koma nemendur Garðaskóla áfram betur út en almennt gerist á landinu og telja sig hafa meiri stjórn í tveimur árgöngum, 8. og 9. bekk, en hún virðist minnka eftir því sem nemendur verða eldri og er minnst í 10. bekk (mynd 2.4). Strákum finnst þeir hafa meiri stjórn en stelpur en þannig er staðan líka á landsvísu.




Mynd 2.4. Stjórn á eigin lífi eftir árgöngum

Þegar kemur að hreyfingu nemenda sést núna að allir árgangar hreyfa sig meira en samanburðarhópurinn. 42% nemenda hreyfa sig a.m.k. tvisvar í viku, sem er 8% hækkun frá því fyrir ári. Athyglisvert er að árgangarnir haldast stöðugir þegar lækkun er sýnileg á landinu með hærri aldri (mynd 2.5). Einnig kemur fram aukning á hreyfingu nemenda eftir því sem liðið hefur á skólaárið um 8% frá október fram í apríl. Núna eru það 42% nemenda sem hreyfa sig tvisvar í viku eða oftar; 52% stráka og 33% stelpna.



Mynd 2.5. Hreyfing eftir árgöngum

Næst er kastljósinu beint í allt aðra átt en það er að einelti. Minnst virðist vera um það í 8. bekk og mest í 10. bekk og þar er töluvert hærra meðaltal en á landinu og breyting frá því í fyrra (mynd 2.6). Þessir sömu nemendur í könnun síðasta árs, sem þá voru í 9. bekk, kvörtuðu minna yfir einelti í fyrra en núna, og raunar minna en núverandi 9. bekkingar.



Mynd 2.6. Einelti eftir árgöngum

Einelti mælist þó, þrátt fyrir aukninguna í 10. bekk, minna meðal nemenda Garðaskóla (8,5%) en almennt í skólum landsins (12%). Í þessari könnun minnkar einelti þegar líður á skólaárið, frá 12% niður í 5%. Spurt var um hversu oft á síðustu 30 dögum nemendur hefðu upplifað mismunandi form eineltis. 30% nemenda skólans, eða 156 manns, sögðust hafa orðið vör við baktal um sig, 17% nemenda, eða 88 manns, upplifðu særandi athugasemdir, 13% nemendum, 68 manns, leið mjög illa yfir framkomu annarra við sig, 9% nemenda, 47 manns, fannst þeir hafa verið skildir útundan, og 5% nemenda, 26 manns, leið illa yfir því sem sagt var við eða um þá á netinu.

Þegar nemendur voru beðnir um að nefna hvar þeir verða fyrir einelti þá eru nefndar kennslustundir (33%), frímínútur inni (28%), hádegishlé (28%), frímínútur úti (17%), á netinu eða í farsímum (22%). Hér er aðeins hreyfing á hlutföllunum því prósentan í kennslustundum hækkar um 8% milli ára en lækkar fyrir netið og farsíma um 9% og hækkar um 10% í hádegishléinu.

3. Skóla- og bekkjarandi


Í þriðja flokki spurninga er spurt um viðhorf nemenda til nemendahópsins og sambands þeirra við kennara. Meirihluti nemenda er sáttur við þessa þætti en þó hækkar lítillega hlutfall þeirra sem eru það ekki. Ef það er skoðað nánar í eftirfarandi töflu, þá sést að á flestum sviðum, eins og að vera skilinn útundan; að vera einmana; að tilheyra ekki hópnum; að öðrum líki ekki við þá, osfrv, að ekki er um miklar breytingar að ræða milli ára. Helstu vandamálín varðandi samsömun við nemendahópinn koma fram varðandi það að passa ekki við hópinn og líða kjánalega (25%), sem jafngildir 130 nemendum, og að það er ekki auðvelt að eignast nýja vini í skólanum (22%). Fyrri þátturinn, að passa ekki við hópinn og líða kjánalega virðist stærra vandamál en í fyrra (16%).

Tafla 3: Samsömun nemenda við nemendahópinn

Nemendum finnst...	Garðaskóli	Landshlutfall
þeir ekki passa við hópinn og líða kjánalega	25% (16%)	24% (23%)
þeir vera skildir útundan	10% (8%)	10% (10%)
ekki auðvelt að eignast nýja vini í skólanum	22% (19%)	24% (23%)
þeir ekki tilheyra hópnum	13% (11%)	16% (16%)
að öðrum líki ekki við þá	13% (7%)	12% (12%)
þeir vera einmana í skólanum	17% (14%)	14% (14%)
þeir ekki vera hamingjusamir í skólanum	10% (12%)	11% (10%)
ekki rétt að segja að allt sé í besta lagi í skólanum	14% (15%)	16% (15%)

*Innan sviga eru tölur úr könnuninni 2016-2017.

Að þessum þáttum samsettum virðist samsömun nemenda við nemendahópinn hafa minnkað og ef árgangarnir eru skoðaðir mælist hún minnst í 10. bekk (mynd 3.1)



Mynd 3.1. Samsömun við nemendahópinn


Þegar nemendur voru svo spurðir um samband sitt við kennara skólans þá eru 7 af hverjum 10 ánægðir. Aðrar tölur sem tengjast þessu eru enn hærra sem gefur vísbendingu um almennt góð samskipti milli nemenda og kennara. Mesta athygli vekur aukningin í umhyggju kennara fyrir vellíðan nemenda sem fór úr 69% í 81%. Í heildina séð kemur samband nemenda við kennara sína betur út en í öðrum skólum almennt bæði í 8. og 10. bekk en mælist eins í 9. bekk.

Tafla 4: Hlutfall nemenda í Garðaskóla og á landinu sem eru (mjög) sammála að...

	Garðaskóli	Landshlutfall
Nemendum semur vel við kennara	70% (71%)	73% (75%)
Kennarar eru áhugasamir um að nemendum líði vel	81% (69%)	85% (83%)
Kennarar hlusta vel á nemendur	82% (74%)	81% (82%)
Nemendur fá aukaaðstoð frá kennara	86% (81%)	84% (85%)
Kennarar eru sanngjarnir við nemendur	87% (84%)	83% (85%)

*Innan sviga eru tölur úr könnuninni 2016-2017.

Hvað varðar aga í skólanum þá kemur enginn kynjamunur fram innan skólans. Ef árgangar eru bornir saman sést að nemendur 10. bekkjar upplifa meiri aga en í 8. og 9. bekk. Agi virðist þó aukast eftir því sem líður á skólaárið sem bendir hugsanlega til þess að skólavistin hafi góð áhrif á nemendur hvað það varðar. Í heildina virðist þróunin þannig að nemendur upplifi minni aga í skólanum en áður fyrr og nú er svo komið að hann virðist minni en almennt í öðrum skólum. Þessi þróun sést á mynd 3.2.




Mynd 3.2. Agi í tímum milli ára.

Þessu til staðfestingar kemur fram lakari útkoma en síðast í öllum þeim undirlitum sem spurt var sérstaklega. Þessir þættir hafa verið settir upp í töflu 5. Sífelld fleiri nemendur upplifa minni aga í skólanum en áður og hlutföllin eru nú áþekk tölum fyrir aðra skóla.

Tafla 5: Þróun aga í skólanum 2016-2018


	Garðaskóli	Landsmeðaltal
	í flestum tímum/alltaf	í flestum tímum/alltaf
	2018 - 2017 - 2016	2018 - 2017 - 2016
Kennarinn þarf að bíða lengi eftir að nemendur róist	29% - 26% - 22%	31% - 29% - 29%
Nemendur hlusta ekki á kennarann	19% - 17% - 15%	19% - 18% - 18%
Það er hávaði og óróleiki	29% - 25% - 22%	34% - 32% - 32%

Eins og sést hefur í mörgum síðustu könnunum þá skipar heimavinna ekki eins mikilvægan sess í hugum Garðaskólanema og annarsstaðar á landinu en er þó smátt og smátt að aukast. Það kemur kannski ekki á óvart að það sést minni áhugi á heimanámi eftir því sem líður á skólaárið. Í samanburði við landið varð munurinn mestur í könnuninni 2015-2016 (1,3 stig), en sá munur hefur verið að minnka (mynd 3.3).



Mynd 3.3. Viðhorf nemenda til mikilvægis heimavinnu

Það kemur berlega í ljós að nemendur missa áhuga á heimavinnu eftir því sem þeir færast milli árganga enda er 8.bekkurinn samhljóma landsmeðaltalinu, 9.bekkurinn er orðinni lægri og því með minni áhuga en jafnaldrarnir, og loks er 10.bekkurinn lægstur og töluvert neðar en landið (mynd 3.4)



Mynd 3.4. Viðhorf árganga til heimavinnu

Þegar nánnar er gáð á bak við þessi gildi og tafla 6 er skoðuð þá kemur í ljós að mun minni áhersla er á heimavinnu í Garðaskóla en almennt í öðrum skólum. Til að mynda er ekki farið eins oft yfir heimavinnu og annars staðar, nemendum finnst heimaverkefni ekki eins áhugaverð og heimavinnan er sjaldnar hluti af lokaeinkunn. Þetta mætti að stærstum hluta skýra með því að markvisst hefur verið reynt að draga úr henni af kennurum skólans til þess að minnka álag á nemendur, samhliða stefnu skólans.

Tafla 6: Mikilvægi heimavinnu í náminu.

Hlutfall nemenda sem segja að yfirleitt eða alltaf...	Garðaskóli	Landshlutfall
klári þeir heimavinnuna á réttum tíma	83%	78%
fari kennarar yfir heimavinnuna	29%	69%
fái þeir áhugaverð heimaverkefni	23%	32%
sé heimavinnan hluti af lokaeinkunn	42%	54%

4. Opnar spurningar

Eins og venjan er í Skólapúlaskönnunum voru nemendur beðnir að segja hvað þeim finnst gott við skólann sinn. Mest ber á því að þeir nefna hvað þeir hafa mikið frelsi utan kennslustunda og ráða sér sjálfir. Einnig ber mikið á jákvæðum umsögnum um námið, kennsluna og kennarana. Nemendum finnst hlustað á sig, námið er sagt skemmtilegt og fjölbreytt og ferðakerfið fær jákvæðar umsagnir. Kennslan er á sama hátt sögð skemmtileg og fjölbreytt og gott sé að finna að kennararnir hlusti eftir því að nemendur hafi náð skilningi og hjálpi þeim sem hafi ekki náð honum. Kennararnir eru sagðir skemmtilegir, færir í sínu fagi og

umhyggjusamir. Loks fá félagslíf og aðstaða nemenda, t.d. tölvustofur og bókasafn, einnig jákvæða umfjöllun.

Á hinn bóginn þá benda nemendur á að heimanám sé of mikið og próf of algeng sem í sumum tilfellum valdi streitu og kvíða. Bent er á að flestallir frídagar komi á vorönn þegar líður að lokaprófum í stað þess að hafa einhverja á haustönn. Einnig er töluvert rætt um að í skólanum séu nemendur óþekkir, þ.e. of háværir, tali inni í tímum, fari ekki nægilega vel eftir reglum og tilmælum, t.d. um yfirhafna- og símanotkun, allt með þeim afleiðingum að það truflar aðra. Samskipti við aðra nemendur eru einnig nefnd í því sambandi að sumir komist upp með að vera leiðinlegir við aðra og jafnvel fullyrt að það sé við lýði baktalsmenning og klíkumyndun meðal nemenda. Matsala nemenda fær nokkuð margar athugasemdir um að maturinn sé vondur, lítið fjölbreyttur og þar að auki of dýr. Loks er húsnæðið sagt gamaldags og nefnt í því sambandi að það þurfi að hressa það við, t.d. hvað varðar gólfefni og lýsingu.